

5.500 ha skógræktaráform í Ljárskógum í Dölum, Dalabyggð

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 14. september 2023 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá landeiganda Ljárskóga um 5.500 ha skógræktaráform í Ljárskógum í Dalabyggð, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 1.04 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Dalabyggðar, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Landgræðslunnar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar, Veðurstofu Íslands, Vegagerðarinnar og Landsnets.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Skógræktaráform í Ljárskógum, greinargerð um verkefnið. Landeigandi Ljárskóga - Yggdrasill Carbon ehf. September 2023.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Dalabyggð dags. 31. október 2023
- Heilbrigðiseftirliti Vesturlands dags. 20. október 2023
- Landgræðslunni dags. 15. október 2023
- Minjastofnun Íslands dags. 3. október 2023
- Náttúrufræðistofnun Íslands 15. október 2023
- Umhverfisstofnun 25. október 2023
- Veðurstofu Íslands 27. september 2023
- Vegagerðinni 17. október 2023
- Landsneti 17. október 2023

Ekki barst umsögn frá Fiskistofu.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 29. nóvember 2023.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í 5.500 ha skógrækt á 11.000 ha lóð landeiganda Ljárskóga í Dalabyggð. Samkvæmt tilkynningu framkvæmdaraðila er markmið skógræktarverkefnisins að búa til beitarskóg og byggja upp skógarauðlind í samstarfi við sauðfjárbændur, græða upp landið ásamt því að vera framlag í baráttunni gegn loftlagsbreytingum. Fyrstu hugmyndir eru um að gróðursetja í að minnsta kosti 400 ha árlega. Landinu verður deilt niður í 200 ha reiti og yrði því plantað í a.m.k. tvo reiti árlega þar til verkefninu líkur.

Svæðið sem um ræðir er aflíðandi og í nokkrum jafnhalla. Skógræktarsvæðið nær upp undir 300 metra hæðalínu frá sjó. Landslag á svæðinu eru hæðir og lág fell eins og t.d. Ljárskógarfjall sem er um 253 m á hæð. Einhverjar klettaborgir og ásar eru á umræddu svæði, ekki er gert ráð fyrir að



planta í klettaborgir eða fjöll. Leitast verði við að helstu kennileiti í landinu verði sýnileg þó skógur vaxi upp.

Jarðvinnsla og gróðursetningaraðferðir

Á svona stóru svæði telur skógfræðingur ekki raunhæft annað en að nota vél til jarðvinnslu á rúmlega helming svæðisins sem gróðursett verður í. Ekki hefur verið ákveðið hvort notast verði við TTS herfingu eða hefðbundna vélflekkingu á þeim svæðum. Annað verður handflekkið. Handflekking er sú aðferð sem er einföldust og algengasta jarðvinnsluaðferðin, þá er gróðursetningarstafur eða haki notaður til að rífa gróðurtorfuna upp í smá bletti áður en plantan er sett niður. Við vélflekkingu er notast við herfi sem rífur upp torfur með ákveðnu millibili þar sem plantan er svo sett niður. TTS herfing er sú aðferð sem iðulega er notuð í mólendi eða á nokkuð ósléttu landi. Hún er ólík vélflekkingu að því leiti að í staðin fyrir að rífa upp torfur, rífur herfirinn upp tvær rásir í einu þvert yfir landið. Plöntur eru svo gróðursettar með ákveðnu millibili í rásirnar. Reynt verður að jarðvinna ár fram í tímann svo að jarðvegurinn hafi sem lengstan tíma að taka við sér áður en gróðursetning fer fram.

Gróðursetning, girðingavinna og áburðargjöf

Gróðursetning mun fara fram tvisvar á ári, að vori og að hausti. Girðingavinna er unnin samhliða gróðursetningu. Unnin er létt undirvinna undir girðinguna og hafður einfaldur slóði meðfram girðingu til að auðvelt sé að komast um í viðhaldsverkefnum. Áburður er einnig borinn á samhliða gróðursetningu í vorplöntun (maí-júlí) en ekki er borið á þær plöntur sem fara niður að hausti (ágúst-september), fyrr en að vori eftir gróðursetningu. Sá áburður sem Yggdrasill Carbon hefur notast við er NPK 23-3-8 (Nitur, Fosfór, Kalíum) frá Yara.

Tekið verður tillit til þess að svæðið er beitt við gerð ræktunaráætlana, jafnvel þannig að á einhverjum stöðum verði plantað gisnar þannig að sauðfé og smalar eigi hægara með að athafna sig og beitargróður helst lengur.

Tegundasamsetning

Fullbúin ræktunaráætlun er kostnaðarsöm og tímafrek og því hefur eingöngu almenn umsögn um svæðið og verkefnið verið sett saman. Þar sem bæði er verið að beita svæðið og stefnt að uppbyggingu skógarauðlindar, þá verður hugað að því að hafa trjátegundir sem þjóna markmiðum verkefnisins. Í kolefnisbindingar verkefnum eru það greni, lerki, fura og ösp sem binda mest en birki um helmingi minna. Tegundirnar sem notast verður við eru tegundir sem hafa verið notaðar í íslenskri skógrækt síðan hún tók við sér upp úr 1950. Almennt er reglan sú að fura og lerki fara í rýrustu svæðin, svo sem mela, rýr moslendi og lyngmóa, og aspir og greni í frjósamari svæði eins og graslendi og hrísmóa. Aldrei er plantað í votlendi ef það er á svæðinu og birki er ekki raskað.

Vegir og slóðar

Mikið er af slóðum á svæðinu sem þarf að laga svo hægt sé að nota þá, en einnig gæti þurft að bæta við slóðum vegna framkvæmda á svæðinu, eða til notkunar við útivist. Gert er ráð fyrir að hafa í það minnsta 5 m helgunarsvæði á alla vegi og slóða innan svæðisins. Er það gert til þess að minnka líkur á að skógurinn verði fyrir skaða vegna mengunar og til að auka öryggi þeirra sem ferðast um skóginn og hindra það að trjágreinar rispi ökutæki.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum landeiganda Ljárskóga í Dalabyggð og umsögnum umsagnaraðila.



Votlendi og gróður

Í greinargerð landeiganda Ljárskóga kemur fram að land á svæðinu sé víða illa gróið eða mosagróið sem gefi til kynna að næringarástand jarðvegarins sé slakt. Þó sé land ágætlega vel gróið víða og virðist frjósamt á köflum. Nokkuð sé um votlendi, sérstaklega neðst á svæðinu sem njóti verndar skv. lista Bernarsamningsins og verði því ekki plantað þar. Skógfræðingur hafi skoðað gróðurfar á svæðinu og metið u.þ.b. 60% af svæðinu sem mela, ýmist lyng- eða mosagróna, u.þ.b. 10% klappir, mikið af melhólum og dældum ýmist með tjörnum eða gróðri. Rest sé ýmist graslendi, misblautt, allt frá votlendi í þurrlegt graslendi. Skógfræðingur muni kortleggja þau svæði sérstaklega sem séu viðkvæm og þeim haldið utan skipulagðs plöntunarsvæðis.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að gróðurfar svæðisins sé að stórum hluta votlendi sem njóti sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum og vistgerðir sem séu á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnist verndar. Umhverfisstofnun telji að taka verði mið af því við gróðursetningu og tekið verði tillit til nálægðs votlendis þannig að trjágróður þurrki ekki upp votlendið og valdi þar með eyðileggingu búsvæða og aukinni losun.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að hlífa þurfi vistgerðum með mjög hátt verndargildi á framkvæmdasvæðinu.

Í umsögn Landsgræðslunnar kemur fram að svo stórt verkefni kalli á heildstæða gagnaöflun og heildstætt mat á áhrifum á umhverfi og vistkerfi svæðisins sem ekki liggi fyrir á þessu stigi. Fela verði sérfræðingum á viðeigandi sviði að greina jarðveg og gróður á hverjum stað og svæði fyrir sig og kanna hvers eðlis hann sé og hvert ástand hans sé áður en hafist er handa við undirbúning og gróðursetningu.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að skógi verði ekki plantað í votlendi og einnig verði sneitt framhjá gróskumiklum þurrlendisvistgerðum. Samkvæmt skipulagi sé þétt skógrækt ekki heimiluð nærri vatns- eða árbökkum, sjó né votlendi. Gert verði ráð fyrir a.m.k. 30 m helgunarsvæði við vötn, tjarnir, ár og læki á framkvæmdasvæðinu. Áður en farið verði af stað í skógræktarverkefni sé gerð viðamikil greining á gróðurfari og landgerð skógræktarsvæðisins. Þá kortleggi skógfræðingur vistgerðir ásamt gróðurþekju, jarðvegsþykkt, grýtni í jarðvegi, halla í landslagi og hallaátt. Einnig verði farið yfir svæðið með flygildi og teknar ljósmyndir og lidarmælingar þar sem meta eigi rof, grósku og frostpolla.

Loftslag, kolefnisbinding og líffræðilegur fjölbreytileiki

Í greinargerð landeiganda Ljárskóga kemur fram að skógur auki hrýfi lands og dragi þar með úr vindstyrk. Slík skjóláhrif geti varað langt frá skóginum og bætt veðurfarsskilyrði á mjög stóru svæði umhverfis hann. Skógur jafni grunnvatnsstöðu og hægi á útgufun vatns úr jarðvegi, vatnsmettun jarðvegs verði því betri. Skógur bindi einnig jarðveg og ver fyrir rofi, að auki vaxi svepparætur með trjárótum sem bæti næringarstöðu jarðvegs til muna. Mikið kolefni binst í skógarjarðvegi en skógur bindi mikið kolefni bæði ofan- og neðanjarðar. Mikinn líffræðilegan fjölbreytileika megi finna í skógi, hvort sem um sé að ræða barrskóg eða laufskóg. Það sé öðruvísi líffræðilegur fjölbreytileiki en nú sé að finna á svæðinu. Því komi líffræðilegur fjölbreytileiki til með að breytast. Skógur af þessari stærðargráðu sé mikilvægur í baráttunni gegn loftlagsbreytingum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að nauðsynlegt sé að nákvæm úttekt fari fram á fyrirhuguðu ræktunarsvæði þar sem könnuð verði kolefnisbinding í jarðvegi, gróðurfar og ekki síst vatnafar á ræktunarsvæðinu. Umhverfisstofnun telji að meta eigi kolefnisbindingu í jarðveginum sem fyrir er til að forðast að umbylta jarðvegi sem bindi mikið kolefni eða geysi nú þegar mikið kolefni. Þetta sé gert til þess að skógræktin auki ekki losun fyrstu áratugina eða raski vistkerfum sem geymi nú þegar mikið kolefni.

Stofnunin bendir einnig á að almenna reglan sé sú að náttúruleg vistkerfi og fjölbreytt landslag séu rík af líffræðilegum fjölbreytileika. Hér séu slík vistkerfi tekin undir einsleita skógrækt með



trjátegundum sem eigi sér fáar fylgi lífverur á Íslandi. Búast megi við að fyrirhuguð skógrækt rýri líffræðilegan fjölbreytileika verulega og varanlega, líka fjölbreytileika jarðvegssveppa.

Í umsögn Landgræðslunnar kemur fram að kanna þurfi sérstaklega áhrif rasks s.s. herfingu og slóðagerð, sem komi af stað losun kolefnis frá jarðveginum til langs tíma. Í því sambandi sé mikilvægt að setja áætlaða kolefnisbindingu í samhengi við allan lífsferil plöntunnar, þ.e. frá herfingu til skógarhöggs.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að mikil þörf sé á rannsóknum á líffjölbreytni í náttúru Íslands og skógum innfluttra og innlendra tegunda til þess að hægt sé að segja með fullri vissu um breytingar á líffjölbreytni en með niðurstöðu Skógvistar¹ að leiðarljósi hljóti líffjölbreytni Ljárskóga sem sé rýrt land, að aukast með blandaðri skógrækt ásamt vernd votlendis og gróskumikilla þurrlandisvistkerfa, í stað þess að rýrna verulega og varanlega. Votlendi haldi sér sem og helgunarsvæði þess, rjóður verði skilin eftir á gróðursetningarsvæðinu fyrir enn meiri líffjölbreytni. Skógrækt stuðli að auknum kolefnisforða jarðvegs á rýru landi, botngróður komi í stað lítillar gróðurþekju auk alls þess lífs sem fylgi skóginum. Með því að fara í gegnum vottun sé fylgst með verkefninu reglulega í 50 ár, til að mynda sjálfsáningu furu og alltaf sé hægt að bæta inn vöktun ef þurfa þykir. Ekki sé áhugi fyrir því að stuðla að rýrnun líffjölbreytni með því að nota ágengar tegundir.

Votlendi sé eina skilgreinda vistgerðin á svæðinu sem geymi mikið kolefni og framkvæmdaraðili hyggst ekki planta í þau í verkefninu. Ekki sé verið að sækja um skógrækt á ósnortnu landi sem geymi mikinn kolefnisforða heldur á landi sem hafi verið ofnýtt og kolefnisforðinn rýrnað á undangengnum 11 öldum af mannavöldum. Almenn sé losun kolefnis frá landi á Íslandi og jarðvegurinn hér á landi því ekki virk kolefnisgeymsla, þessu megi breyta með skógrækt. Losun frá jarðvegi vegna rasks á jarðvegsyfirborði skipti litlu sem engu máli í heildarsamhenginu, en jarðvinnsla sé nauðsynlegur undanfari nýskógræktar á mörgum svæðum. Sé gróðursett til skógar strax í kjölfar jarðvinnslunnar sé þess skammt að bíða að nettó kolefnisbindingin verði umtalsverð. Það sé vitað með vissu að áhrif plægingar, herfingar eða annars jarðvegsundirbúnings á kolefnisforða jarðvegs séu lítil, léttvæg og skammvinn, það ráðist meðal annars af því hversu stórum hluta jarðvegsyfirborðs sé raskað og hve djúpt hann sé jarðunninn. Skógur bindi umtalsvert meira kolefni á flatarmálseiningu en skóglaut land.

Vatnafar og lífríki í ám

Í greinargerð landeiganda Ljárskóga kemur fram að mikið af vötnum og tjörnum séu á umræddu svæði og allsstaðar liggja lækir á milli þessara vatna og tjarna, að auki liggja svæðið að ánni Fáskrúð. Silungur sé í vötnunum og vatnafuglar hafi þar búsvæði. Áin Fáskrúð liggja með norðurhluta svæðisins, þar sé lax og verið sé að byggja upp ána sem laxveiðiá. Nokkuð sé um votlendi á svæðinu þar sem votlendisfuglar haldi sig en á þurrari svæðum séu mófuglar ríkjandi. Skógar bæti næringarástand í ám og vötnum sem leiði af sér meiri fiskgengd og aukna frjósemi hjá fiskum og öðrum dýrum sem lifa í og við vötn og straumvötn. Skógur sem þessi muni auðga jarðveginn af næringarefnum og bæta ástand hans. Skógur nálægt árbökkum hafi almennt jákvæð áhrif á lífríki vegna aukins fæðuframboðs, auk þess sem skógurinn jafni grunnvatnsstöðu og hægi á útgufun vatns úr jarðvegi. Skógur sé öflugasti gróðurinn til þess að koma í veg fyrir jarðvegsrof. Einnig dragi skógrækt úr því að mengandi efni geti skolast af landi í vatn sem og hann dragi úr miklum sveiflum í vatnsbúskap landslagsins. Endurheimt skógvistkerfa á rofnu og rýru landi byggja upp jarðveg og bæti vatnsmiðlun. Tekið verði tillit til þess að hægt verði að ganga með ám og vötnum og álfir og himbrimi eigi sitt hreiðurstæði.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að undanfarin sumur hafi verið það þurr að ár og lækir á svæðinu og þar á meðal áin Fáskrúð hafi verið svo vatnslítill að rætt hafi verið um að gera

¹ Skógvist. Lokaskýrsla 2006. Ásrún Elmarsdóttir ofl. 2006



miðlunarlón á heiðinni til að tryggja nægilegt rennsli á ánni. Stofnunin bendir einnig á að aukin næring í vötnum og ám sé ekki vísbending um gott ástand vistkerfa og leiði ekki endilega til bættrar afkomu fiska og annarra lífvera líkt og haldið sé fram í tilkynningunni. Ef skógrækt hafi áhrif á næringarmagn í nærliggjandi ám og vötnum þurfi að gæta varúðar og meta vel hver þau áhrif verði til að ekki skapist hætta á ofauðgun eða hruni vistkerfa vegna of mikillar næringar. Skoða þurfi möguleg áhrif skógræktarinnar á vatnsbúskap svæðisins í heild.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að fara eigi í mælingar á vatnsbúskap. Það hafi verið sýnt að meira næringarefni flyst til lækja, votlendis og vatna í skóglendi en mólendi. Einnig hafi verið sýnt fram á erlendis að skógur stuðli að jafnari og betri vatnsbúskap, skógar hafi verið ræktaðir á nærsvæðum vatnsbóla til að koma í veg fyrir sveiflur og til að tryggja stöðugt vatnsmagn. Það þurfi þó vissulega að passa að skógurinn rýri ekki vistkerfi vatna, votlendis, lækja og áa og komi óæskilegu ójafnvægi á lífríki vatna. Fylgst verði með því á verkefnatíma.

Fuglalíf

Í greinargerð landeiganda Ljárskóga kemur fram að Laxárdalsheiðin sé talin mikilvægt fuglasvæði fyrir himbrima óðöl og álf. Leitast verði eftir því að hanna skóginn þannig að hann raski sem minnst búsvæðum þessara fuglategunda. Til sé skýrsla um fuglalíf við Fáskrúð² sem sýni lítið af fugli við ána. Þá sé ólíklegt að skógur á landi komi til með að raska varpi himbrima þar sem þeir komi ekki á land nema til að verpa og hreiðrin séu við vatnsbakkann. Skógurinn hafi því líklega ekki neikvæð áhrif á himbrima. Mófuglum sé illa við að verpa í skógi en nýti sér hann gjarnan til skjóls því séu líkur á að mófuglar muni færa sig út fyrir skógræktarsvæðið eftir því sem skógurinn vaxi. Skógarfuglum komi hinsvegar til með að fjölga á móti þeim mófuglum sem færi sig um set.

Í umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að framkvæmdin sé innan mikilvægs fuglasvæðis á Laxárdalsheiði. Svæðið sé alþjóðlega mikilvægt fyrir Himbrima og álf. Votlendið á heiðinni sé sérlega mikilvægt fyrir þessar tegundir en himbrimi sé á valista yfir tegund í yfirvofandi hættu á Íslandi.

Umhverfisstofnun bendir einnig á í umsögn sinni að við skipulag skógar í nálægð við búsvæði álfra og himbrima, beri að hafa í huga að þessar tegundir þurfi langar aðflugslínur til þess að geta tekið á loft og lent. Óvíst sé hvort þau helgunarsvæði sem tegundunum sé gefin sé nægilega langt til að koma í veg fyrir árekstra við tré. Skógræktin muni væntanlega hafa afgerandi áhrif á mólendis- og votlendisfugla.

Náttúrufræðistofnun bendir einnig á í umsögn sinni að leggja þurfi mat á búsvæðatap vaðfugla við framkvæmdina og í því sambandi þurfi að horfa til jaðaráhrifa skóglendis á þéttleika þeirra.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að formleg fuglarannsókn hafi ekki farið fram á svæðinu. Það sé ljóst að þörf sé á fuglarannsókn á umræddu svæði í Ljárskógum þar sem verkefnasvæðið nái upp á Laxárdalsheiði. Framkvæmdaraðili muni ráða sérfræðing til þess að meta fuglalíf á svæðinu. Tekið verði tillit til óðala himbrimans og leitast verði við að hafa skóginn ekki of nærri vötnum til að hann trufla ekki himbrimann. Einnig verði horft til aðflugsleiða fugla að vötnum á svæðinu og mat lagt á búsvæðatap og jaðaráhrif skógræktar líkt og Náttúrufræðistofnun Íslands leggi til.

Ásýnd

Í greinargerð landeiganda Ljárskóga kemur fram að skógrækt breyti almennt ásýnd lands. Eftir 30 ár megi reikna með að hluti skógarins hafi náð 10-12 m hæð og eftir 50 ár megi reikna með að hæð trjáanna sé komin í kringum 15 m. Sígræn tré séu eins og nafnið gefi til kynna græn allt árið og það hafi sjónræn áhrif að vetri að sjá grænan massa þar sem áður hefði verið t.d. snjór eða gul sina.

² Vatnsmiðlun í Fáskrúð í Dölum með stíflu í Hvanná. Náttúrufræðisúttekt, unnin fyrir landeigendur. Tringa ehf., október 2022.



Skógur af þessari stærðargráðu eigi væntanlega eftir að sjást víða að og muni koma til með að vera áberandi á loftmyndum.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að mikilvægt sé að lagt verði mat á áhrif skógræktarinnar á landslag og metin ásýndaráhrif sem og áhrif á jarðminjar.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að ekki hafi verið lagt sérstakt mat á áhrif skógræktarinnar á landslag og ásýndaráhrif. Skógræðingur muni fylgja línunum í landslagi þegar ræktunaráætlun sé búin til og forðast skuli ónáttúrulegar beinar línur.

Minjar

Í greinargerð landeiganda Ljárskóga kemur fram að 5 minjar séu innan fyrirhugaðs skógræktarsvæðis samkvæmt minjavísi Minjastofnunar Íslands. Ljárskógarsel séu einu mannvistarminjarnar og aðrar minjar séu örnefni sem tengist Ljárskógarseli. Tekið verði tillit til þessara minja með því að hafa gott helgunarsvæði í kringum þær. Við Ljárskógarsel sé gamalt tún sem tekið verði inn og helgunarsvæði gert utan um það. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi skuli helgunarsvæðið vera 20 metrar og farið verði eftir þeim reglum.

Þegar nær dregur framkvæmdum verði kannað með Minjastofnun Íslands hvort þörf sé á frekari fornleifaskráningu á svæðinu. Ef svo sé verði slík skráning framkvæmd og send áfram til Minjastofnunar Íslands sem gefi í kjölfarið umsögn um verkefnið. Skráning verði einnig send til sveitarfélagsins og látin fylgja umsókn um framkvæmdarleyfi.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að engin fornleifaskráning hafi farið fram við aðalskipulag Dalabyggðar á sínum tíma og því sé tilvonandi skógræktarsvæði óskráð m.t.t. fornleifa. Skrá þurfi fornleifar á fyrirhuguðu skógræktarsvæði samkvæmt stöðlum Minjastofnunar Íslands m.t.t. heimildavinnu, vettvangsvinnu og gagnaskilum. Umfang vettvangsvinnunnar megi taka mið af eðli skipulagssvæðisins.

Samfélag

Í greinargerð landeiganda Ljárskóga kemur fram að samfélagsleg áhrif af verkefni sem þessu geti orðið mikil. Margar hendur þurfi til að koma upp skógi af þessari stærðargráðu og við það skapist atvinna á svæðinu. Töluverðan mannskap þurfi til að gróðursetja og einnig skapist störf við slóðagerð, jarðvinnslu, girðingavinnu, flutning á plöntum og öðrum aðföngum ásamt uppbyggingu á aðstöðu fyrir framkvæmdir. Með tíð og tíma skapist einnig störf við umhirðu skógarins, grisjun og viðarvinnslu.

Svæðið muni koma til með að nýtast sem fjölbreytt útivistarsvæði með fjölbreyttum notkunarmöguleikum svo sem reið-, göngu-, og hjólaleiðum. Lýðheilsuáhrif séu því mjög mikil.

Einnig geti skógrækt sem þessi orðið mikilvægur rannsóknar vettvangur á ýmsum þáttum. Hægt verði að setja upp langtímavaktanir og rannsóknarverkefni sem geti aukið þekkingu og fróðleik á áhrifum skógræktar.

Efnahagsleg áhrif séu einnig mikil á svona verkefni þ.e. vinnulaun hjá þeim sem vinna að svona verkefni komi til með að greiða gjöld til sveitarfélagsins, afleidd störf skapist, sala kolefniseininga skapist af verkefninu sem og koma ferðamanna á svæðið til að njóta útivistar í skóginum og þegar til lengri tíma sé litið sala og vinnsla á skógarafurðum.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er ekki í samræmi við Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Dalabyggðar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi.



Framkvæmdin er háð leyfi frá Fiskistofu á grundvelli laga um lax- og silungsveiði.

6 Niðurstaða

Um er að ræða áform um 5.500 ha skógrækt í Ljárskógum í Dalabyggð. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 1.04 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, nýtingar náttúruauðlinda og mengun, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Framkvæmdasvæðið sem um ræðir er afar stórt eða 5.500 ha. Deila á landinu niður í 200 ha reiti og planta í a.m.k. tvo reiti árlega þar til verkefninu líkur. Gróðursetja á bæði innlendar og erlendar tegundir þ.e. greni, lerki, furu og ösp. Nota á vél til jarðvinnslu á rúmlega helmingi svæðisins sem gróðursetja á í og þá annaðhvort með TTS herfi eða hefðbundinni vélflekkingu. Laga þarf slóða sem fyrir eru á svæðinu auk þess sem það gæti þurft að leggja nýja slóða.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd. Einnig ber að líta til álagspols náttúrunnar, svo sem með tilliti til votlendissvæða, sérstæðra jarðmyndana, landslagsheilda og kjörlendis dýra sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Fyrirhugað skógrækt er innan svæðis sem skilgreint er sem mikilvægt fuglasvæði vegna alþjóðlegs mikilvægis fyrir himbrima og álft. Vegna mikilvægis fyrir framangreindar tegundir hefur svæðið verið tilnefnt á B-hluta náttúruminjaskrár. Báðar tegundirnar verpa og eiga búsvæði innan framkvæmdasvæðisins. Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um fuglalíf á svæðinu en samkvæmt umsögn Náttúrufræðistofnunar má vænta þar mikils þéttleika vaðfugla.

Innan framkvæmdasvæðisins er talsvert af votlendi og vötnum sem njóta sérstakrar verndar á grundvelli 61. gr. náttúruverndarlaga auk minni tjarna og lækja. Framkvæmdaraðili gerir ekki ráð fyrir að plantað verði í votlendi auk þess að gera ráð fyrir a.m.k. 30 m helgunarsvæði við vötn, tjarnir, læki og ár á svæðinu. Samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands er að finna vistgerðir með hátt verndargildi innan svæðisins og vistgerðir á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði og nágrenni þess er að mestu leyti óraskað og fellur undir skilgreiningu náttúruverndarlaga um óbyggð víðerni. Samkvæmt skýrslunni *Landslag á landsvísu – Flokkun og kortlagning landslagsgerða á landsvísu* er fyrirhugað framkvæmdasvæði innan landslagssvæðis sem kennt er við Hvammsfjörð og teygir sig inn á landslagssvæðið Hrutafjörð og Miðfjörð. Bæði svæðin flokkast sem innfirðir með lágheiðum sem einkennast m.a. af flötu eða ávölu landformi og yfirborði sem er að mestu mó- og votlent.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, væntanlegs



upphafs, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Að mati Skipulagsstofnunar mun fyrirhuguð skógrækt fela í sér mikla umbreytingu á stóru svæði og hafa umtalsverð áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika. Framkvæmdin er líkleg til að hafa mikil áhrif á þær vistgerðir sem fyrir eru á svæðinu, þ.m.t. vistgerðir með hátt verndargildi og vistgerðir á lista Bernarsamningsins, og þær fuglategundir sem nýta svæðið, þ.m.t. himbrima og álft. Jafnframt kunna framkvæmdir að hafa áhrif á vatnsbúskap á svæðinu. Þá mun fyrirhuguð skógrækt leiða til mikilla breytinga á landslagi og hafa áhrif á óbyggð víðerni.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og að teknu tilliti til boðaðra mótvægisáðgerða er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 9. febrúar 2024.

Reykjavík, 5. janúar 2024

Egill Þórarinnsson

Þórdís Stella Erlingsdóttir

